

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/238****2017/EES/48/31**

frá 10. febrúar 2017

**um breytingu á VI. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 um snyrtivörur (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 frá 30. nóvember 2009 um snyrtivörur <sup>(1)</sup>, einkum 1. mgr. 31. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Vísindanefndin um öryggi neytenda („SCCS“) komst að þeirri niðurstöðu í álitinu sínu frá 16. desember 2008 <sup>(2)</sup> að notkun bensófenóns-3 sem útblámasía í styrk sem nemur allt að 6% massahlutfalli í sólvarnarsnyrtivörur og allt að 0,5% massahlutfalli í allar tegundir snyrtivara til að vernda samsetninguna skapi ekki hættu fyrir heilbrigði manna, að undanskildum hugsanlegum snertiofnæmisvaldandi og ljósofnæmisvaldandi mætti.
- 2) Af þessum sökum ætti að lækka núverandi hámarksstyrk, sem nemur 10% massahlutfalli fyrir bensófenón-3 sem notað er sem útblámasía í snyrtivörur, í 6% massahlutfall.
- 3) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1223/2009 til samræmis við það.
- 4) Fresta ætti beitingu nýja hámarksstyrksins svo iðnaðurinn fái svigrúm til að gera nauðsynlegar breytingar á efnasamsetningum. Einkum ætti, eftir gildistöku þessarar reglugerðar, að veita fyrirtækjum sex mánuði til að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að koma vörum, sem uppfylla kröfurnar um nýjan hámarksstyrk, á markað og til að hætta að bjóða vörur, sem uppfylla ekki kröfurnar um nýjan hámarksstyrk, fram á markaði.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um snyrtivörur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvæðum VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Reglugerð þessi kemur til framkvæmda frá og með 3. september 2017.

*3. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. febrúar 2017.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 36, 11.2.2017, bls. 37. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 135/2017 frá 7. júlí 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(<sup>1</sup>) Stjtíð. ESB L 342, 22.12.2009, bls. 59.

(<sup>2</sup>) Vísindanefndin um neysluvörur 1201/08.

VIÐAUKI

Í stað færslu 4 í VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 komi eftirfarandi:

Tilvísunar-númer	Auðkenning efna				Skilyrði			Orðalag notkunar-skilyrða og varnaðarorða
	Efnaheiti/INN/XAN	Heiti í skrá yfir almenn heiti innihaldsefna	CAS-númer	EB-númer	Vörutegund, líkamshlutar	Hámarksstyrkur í efnablöndu sem er tilbúin til notkunar	Annað	
a	b	c	d	e	f	g	h	i
„4	2-hýdroxý-4-metoxýbensófenón/oxýbensón	Benzophenone-3	131-57-7	205-031-5		6%	Ekki meira en 0,5% til að vernda efnasamsetningu.	Inniheldur bensófenón-3 <sup>(1)</sup> “